

FUNDARGERÐ

Siglingaþing 22.02.2020

Aðalsteinn Jens Loftsson formaður Siglingasambands Íslands setur þingið og stingur upp á Arnari Jónssyni. Áka Guðna Karlssyni og Hannesi Sveinbjörnssyni í kjörbréfa nefnd. Uppástunga formanns samþykkt með lófataki.

Því næst stingur formaður upp á Hannesi Jónssyni sem þingforseta sem er samþykkt með lófataki og Hannes tekur við stjórn fundarins. Hannes stingur upp á Úlfi H. Hróbjartssyni sem þingritara sem er samþykkt með lófataki.

Fulltrúi ÍSÍ Andri Stefánsson ávarpaði fundinn. Fór hann yfir nokkur mál er varða skipulag íþróttthreyfingarinnar og starfsemi. Minntist hann sérstaklega á ný lög um skráningur eigenda er varað öll félög í landinu þar með talinn íþróttafélög og sérsambönd eins og SÍL. Einnig fór ræddi Andri útbreiðslumál Afreksmál og mögulegt samstarf minni sérsambanda.

Er Andri hafði lokið máli sínu gaf kjörbréfanend álit sitt og reyndust smá galli á tveimur kjörbréfum að dagsetning var innan við vika frá dagsetningu fundarins. Samþykkt var að líta framfjá þeim galla og voru allir fulltrúar því gjaldgengir.

Í Fjárhagsnefnd voru kosnir:

- Ragnar Hilmarsson
- Arnar Jónsson
- Guðmudnur Benediktsson

Í Laga og leikrelnanefnd voru kosnir

- Baldvin Björgvinsson
- Tryggvi Heimisson
- Ríkarður Daði Ólafsson

Skýrslastjórnar var lögð fram og fór Aðalsteinn yfir helstu mál þar auk þess sem Úlfur H. Hróbjartsson fór yfir helstu mál er varða Alþjóða Siglingasambandið.

Því næst lagði Ragnar Hilmarsson fram reikninga síðasta árs og fór yfir helstu atriði.

Þingforseti opnaði mælendaskrá fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Ólafur Már Ólafsson spurði hvort ekki hefðir verið eðlilegt að færa niður birgðir sambandsins til að endurspegla raunvirði.

Ragnar Hilmarsson svaraði því til að það væri því fátt til fyrirstöðu en að í ár hefði verið ákveðið að færa inn eignir á kostnaðarverði.

Andri Stefánsson vildi benda á að það væri gott að hafa fjárhagsáætlun síðasta árs til samanburðar við útgjöld ársins og að eðlilegt væri að stór liður eins og Námskeið æfingabúðir og erland mót væri skipt upp í smærri einingar.

Því næst voru þau mál sem fyrir þinginu lágu kynnt og lögð fyrir nefndir.

- Fjárhagsáætlun merkt sem þingskjal 1

- Mótaskrá 2020-21 merkt sem þingskjal 2
- Tillaga um breytingu á Kappsiglingafyrirmælum. Merkt sem þingskjal 3
- Afreksstefna 2020-25 merkt sem þingskjal nr 4

Fjárhagsnefnd fékk til umfjöllunar fjárhagsáætlun og Laga og leikreglnanefnd Mótaskrá og tillögu stjórnar. Afreksstefnan var lögð fyrir þingið.

Hlé var gert á þingi á meðan nefndir störfuðu.

Að loknu hléi gerði Baldvin Björgvinsson grein fyrir niðurstöðum Laga og leikreglnanefnar og lagði fram eftirfarandi tillögu nefndarinnar.

„Tillaga Laga og leikreglnanefndar er samhljóma

Nr1. Að vísa tillögu í þingskjali 3 frá. Að SÍL bæti og efli eftirlitshlutverk sitt með tilkynningum um keppni, keppnisfyrirmælum og mótahaldi. Að SÍL geri kappsiglingafyrirmæli fyrir Íslandsmeistaramót.

nr 2. Breyta dagsetninu Íslnadmeistaramóts á kænum í 6-9- ágúst

nr 3. Setja Akureyramót inn í mótaskrá 29. ágúst“

Nokkur umræða spratt um tillögur nefndarinnar:

Gunnar Geir Halldórsson lagði til að Lokamót kæna og Akureyrarmót yrður sameinuð í eitt mót. Ólafur Már Ólafsson var ekki fráhverfu hugmyndinni en lagði til að gert yrði ráð fyrir varadegi við mótið. Einnig lagði hann til að bæta við nafni Sigurfara sem mótshaldara á Faxaflóamóti.

Ólafur Bjarnason Fannst hugmynd Gunnars um að sameinignu mótanna áhugaverð og benti á að nafnið lokamót væri rangnefni því síðasta mót ársins væri Áramótið.

Ragnar Hilmarsson hvað sér hljóðs og benti á að sú hugmynd að fela SÍL nýtt hlutverk kallaði á lagabreytingar og meiri undirbúnings.

Aðalsteinn J.L. Var sammála Ragnari um að sú hugmynd að SÍL ætti að sjá um kappsiglingafyrirmæli Íslandsmeistaramóts væri erfið í framkvæmd, sér í lagi þar sem SÍL ætti þar með bæði að semja fyrirmælin og hafa eftirlitshlutverk með þeim. Markmið tillögunnar hafi verið að bæta keppnishald og að fá umræðu um málefnið á þinginu.

Baldvin Björgvinsson sagðist skilja tillöguna en við erum að fylgja alþjóða reglum og þurfum ekki að bæta við þær. Að auki væri ekki nægjanlegt svigrúm innan tillögunnar því væru þær erfiðar í framkvæmd. Ef menn vilja breyta framkvæmd Íslandmeistaramóta væri rétt að taka góðan tíma í það.

Gunnar Geir Halldórsson lagði þá til að næsta stjórn tæki upp þetta mál og kæmi með tillögur á næsta þing.

Tryggvi Heimisson Benti á að fyrirliggjandi væru gátlistar og reglur frá SÍL og World Sailing og ef menn færu eftir þeim myndi það stórbæta ástandið.

Sigríður Ólafsdóttir Benti á að það vantaði mannskap til að halda mót því væri spurning hvort SÍL gæti ekki veitt aukinn stuðning á einhvern hátt.

Ólafur Bjarnason Benti á að ekkert í alþjóðreglum gerði kröfur um fjölda umferða og að SÍL ætti að fara eftir því. Við þyrftum sjálf að vinna í því að bæta starfið og umgjörðina.

Þingforseti bar tillögu nefndarinnar um frávísun undir þingið og var hús samþykkt. Einnig var samþykkt tillaga umbreytingu á dagsetninu Íslandmeistaramót og tillaga um að Akureyrarmótinu væri bætt við mótaskrá með þeim breytingum að það yrði sameinað Lokamótinu. Ályktun nefndarinnar um framkvæmd Íslandmeistaramót var einni samþykkt.

Aðalsteinn Jens Loftsson dróg þingskjal nr 4 afrekstefna SÍL til baka og óskaði eftir að meiri vinna væri lögð í verkið og að það yrði fyrst vísað á formannafund og síðar tekinn aftur fyrir á næsta þingi

Samþykkt var að stefnan færi í frekari vinnslu og lægi klár fyrri næsta þingi.

Ragnar Hilmasson grein fyrir niðurstöðum Fjárhagsnefndar og lagði til að fjárhagsáætlun yrði samþykkt og að hún verði birt til hliðsjónar við reikninga næsta árs á komandi Siglingaþingi. Einni að í framhaldi yrði liðurinn um námskeið keppnir erlðnis og æfingabúðir betur sundurliðarur við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Tryggvi Heimisson sagðist sakna þess að sjá ekki minnst á þjálfaramál í fjárhagsáætluninni.

Úlfur H. Hróbjartsson sagði frá að nýbúið væri að sækja um styrk til Alþjóða Ólympíuhreyfingarinnar um að halda þjálfaranámskeið og að að meðan ekki hefðu borist svör um þann styrk væri réttast að halda honum utan við áætlunina.

Baldvin Björgvinsson benti á sjóði Rannis sem væri vert að skoða í sambandi við útrbreiðslu og þjálfarmál hjá SÍL og aðildarfélögum. Þá væri það sérstaklega til að styrkja slíkar umsóknir ef SÍL er hluti af umsókninni.

Úlfur H. Hróbjartsson benti á að þegar félögin keyptu Topper Topaz báta þá hafi það verið gert í samvinnu við íþróttasjóð sem nú heyrir undir Rannis. Samkomulagið hafi þá falið í sér að ef félagið gæti fjármagnað einn bát þá myndi sjóðurinn fjármagna annann á móti.

Fjárhagsáætlunin var síðan borinn undir fundinn og hún samþykkt.

Engin framboð höfðu borist þinginu áður en það hófst og því var kallað eftir framboðum til formanns og stjórnar. Aðalsteinn Jens Loftsson gaf kost á sér til áframhaldandi setu formanns og var hann samþykktur með lófataki.

Eftirfarandi aðilar gáfu kost á sér til setu í stjórn

- Ríkarður Daði Ólafsson
- Áki Guðni Karlsson
- Markús Pétursson
- Hulda Stefania Hólm

Fleirir buðu sig ekki fram til stjórnar og telst hún því sjálfkjörin. Eftirtaldir buðu sig fram til varamanna.

- Sigríður Ólafsdóttir
- Guðmundur Benediktsson
- Ólafur Bjarnason

Fleiri buðu sig ekki fram og teljast þau því sjálfkjörin.

Skoðunnarmenn voru kosnir Gunnar Haraldsson og Ólafur Már Ólafsson

Tryggvi Heimisson tók til máls undir liðnum önnur mál og hvatti siglingafélögin til að nýta sér útivstarbylgjuna sem nú gengur yfir Íslensku þjóðina til að auk þátttöku í siglingum tækifærin séu til staðar fyrir okkur öll og það sér okkar að nýta þau til framdráttar íþróttinni.

Að lokum tók Aðalsteinn Jens Loftsson til máls og brýndi félginn til að halda vel utan um starfið og keppnir eins og ósk fundarins greininlega var og minnti á að það þyrfti þrjú G til að allt gengi vel Gott veður Góða keppni og Gott partý. Félaginn þyrftu að vera opin alla daga til að taka á móti nýjum meðlimum. Að lokum þakkaði hann þingfulltrúum og starfsmönnum gott þing og sleit svo þinginu.

Úlfur H. Hróbjartsson